

Ed.

69. Frumvarp til laga

[52. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Eftir 3. umr. í Nd., 12. nóv.)

Samhljóða þskj. 59 með þessari breytingu:

5. gr. hljóðar svo:

Á gengisbreytingarreikning við Seðlabankann, sem stofnaður var skv. 5. gr laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbréfakaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóða-stofnunum, teljast erlendum gjaldeyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gull-eign Seðlabankans.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenskum banka fyrr en eftir 11. nóvember 1968, og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um greiðslufrestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæða þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingar-reikning, sbr. 1. málsg.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að gengismismunur, sem myndast kann við kaup á gjaldeyri eftir gildistöku þessara laga vegna verksamninga við erlenda aðila, að því leyti sem verkin hafa verið unnin fyrir setningu þessara laga, skuli færður á gengisreikning ríkissjóðs í Seðlabankanum, sbr. 4. gr.